

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2023, þriðjudaginn 31. október kl. 10:30 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1133. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Akrasel 6 - USK23070262

Lýsing:

Sótt er um leyfi til taka í notkun óútgráfin rými, stækka íbúð, lækka jarðveg og koma fyrir þremur nýjum gluggum á vesturhlið húss á lóð nr.6 við Akrasel.

Stækkun: 81,9 ferm.

Eftir breytingu: 500 ferm., 1.686,4 rúmm.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

2. Árskógar 5 - USK23080089

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að koma fyrir svalalokunum á svölum allra íbúða á 2. og 3. hæð í húsum nr. 5 og nr. 7, á lóð nr. 5-7 við Árskóga.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti af meðfylgjandi aðaltekningum útg. 4. dags. 11. ágúst 2023.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

3. Brautarholt 22 - USK23050100

Lýsing:

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi veitingarstaðar í flokki II, tegund a fyrir 49 gesti, á 1. hæð, rými 0101, í hótél- verslunar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 22 við Brautarholt. Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda á aðaltekningum dagsettum 22. september 2023..

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

4. **Brekkubær 35 - USK23100134**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að bæta við svalalokanir í hús á lóð nr.35 við Brekkubær
Erindi fylgir samþykki eiganda í húsaröðinni Brekkubær 29-39
Gjald kr. 14.500

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. **Bólstaðarhlíð 20 - BN061214**

Lýsing:

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem er að koma fyrir færanlegri kennslustofu, mhl 04, ásamt tengigangi sem tengist við eldra hús, mhl. 05, á lóð nr. 20 við Bólstaðarhlíð.
Erindi fylgir starfsleyfi dags. 16. nóvember 2021 og húsaleigusamningur dags. 29. október 2012.
Varmatapsútreikningur er á teikningu.
Stækkun vegna mhl 04 og tengibyggingar er: 57,0 ferm., 193,2 rúmm.
Gjald kr. 12.600.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

6. **Depluhólar 8 - USK23080060**

Lýsing:

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að grafin hafa verið út sökkulrými, gerðir nýir gluggar og hurðir á kjallara, innréttuð íbúð í kjallara og húsinu skipt í tvær íbúðir á lóð nr. 9 við Depluhóla.
Jafnframt er erindi BN061682 dregið til baka.
Eftir breytingar: 468,7 ferm., 1.503,6 rúmm.
Áður gerð stækkun: 224,4 ferm., 474,6 rúmm.
Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis.
Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7. **Dugguvogur 53 - USK23100276**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis 01-0101 úr vörugeymslu í bílaþvottastöð í húsi á lóð nr. 53 við Dugguvog.
Erindi fylgir hæðar- og mæliblað, samkomulag um nýtingu bílastæða við Dugguvog 46 dags. 28. september 2023, bréf frá eiganda með ósk um að eldra erindi verði dregið til baka og minnisblað frá Teknik, verkfræðistofu um olúskilju dags. 9. október 2023.
Jafnframt er erindi USK23040142 dregið til baka.
Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

8. **Einarsnes 20-26 - BN061094**

Lýsing:

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, kjallara undir bílskúr, jafnframt er sótt um leyfi til að byggja viðbyggingu ofan á bílskúr úr léttum byggingarefnum á húsi nr. 24 á lóð nr. 20-26 við Einarsnes.

Erindi fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. júlí 2022, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2022, bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. júlí 2022, og samþykki annarra eiganda.

Stækkun brúttó: 39,9 ferm., 132,7 rúmm.

Eftir breytingar: 216,9, ferm, 655,1 rúmm.

Gjald kr. 12.600.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd (að hluta) sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa hvað varðar nýframkvæmd.

9. **Fellsmúli 30 - USK23100137**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta veitingastað í fl. I, teg. d í Fellsmúla 30, sem er mhl. 04, á lóð nr. 24-30 við Fellsmúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. **Fiskislóð 24 - USK23050278**

Lýsing:

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í breytingum á gluggum, hækkun einnar innkeyrsluhurðar, fjölgun inngangshurða, fjölgun glugga, færsla og breyting á stiga innanhúss upp á millipall, breyting á innra skipulagi millipalls og 1. hæðar, jafnframt er sótt um leyfi til breytinga á innra skipulagi í rými 0101 og 0102, matshluta 01 í húsi nr. 24 við Fiskislóð. Stækkun/Minnkun: xx,x ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir minnisbla Faxaflóahafna dags. 20. október 2022, minnisblað ráðgjafa vegna stiga dags. 20. október 2022 og bréf hönnuðar dags. 3. nóvember 2022.

Gjald kr.14.000.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. **Gerðarbrunnur 9 - USK23100169**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK22122923 þannig að ?, er breytt í einbýlishúsi á lóð nr. 9 við Gerðarbrunn.

Gjald kr. 14.500

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

12. **Grandagarður 7 - USK23090287**

Lýsing:

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum innanhúss á 2.hæð í húsi nr.7 við Grandagarð.
Gjald.14.000.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. **Grettisgata 9A - USK23090207**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til breyta stofnerindi BN055082 með því að reisa inntaksskápa fyrir heitt og kalt vatn sem næst lóðarmörkum á lóð nr. 9A við Grettisgötu.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. **Grettisgata 9B - USK23090209**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til breyta stofnerindi BN055081 með því að reisa inntaksskápa fyrir heitt og kalt vatn sem næst lóðarmörkum á lóð nr. 9A við Grettisgötu.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

15. **Hafnarstræti 5 - USK23090040**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta skrifstofuhótel, skrifstofur með tilheyrandi stoðrymum til útleigu í lengri eða skemmri tíma á 2., 3. og 4. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr. 5 við Hafnarstræti.

Erindi fylgir ódagsettir skýringaruppdrættir sem yfirlit breytinga.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

16. **Hjallavegur 16 - BN061509**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, steinsteyptan og járnbenntan, einangraðan að innan með léttbyggðu einhalla timburpaki í sunnanverðu horni lóðar nr. 16 við Hjallaveg.

Stærð: 40 ferm., 132 rúmm.

Erindi fylgir afrit aðaluppdráttar sp. 25. október 1979, samþykki lóðarhafa Hjallavegs nr. 18 áritað á uppdrátt dags. 4. ágúst 2022.

Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 13. október 2022, umsögn skipulagsfulltrúa dags 13. október 2022 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. október 2022.

Gjald kr. 13.200.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

17. **Hofteigur 23 - USK23090306**

Lýsing:

Sótt er um leyfi að byggja bílskúr í norð-vestur horni ásamt breytingar innra og ytra fyrir komulagi húss á lóð nr. 123 við Hofteig.

Erindi fylgir mæliblað dags. nóvember 1948 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2023.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.

18. **Hringbraut Landsp. - USK23080090**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053126 þannig að innra skipulagi 1. og 2. hæðar er breytt í Eirbergi, Eiríksgötu 34 á lóðinni Hringbraut Landsp.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

19. **Hverfisgata 4A - USK23060330**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi og útliti sem snýr að gluggum og hurðum á bakhúsi á lóð nr. 4a og 6a við Hverfisgötu.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

20. **Hólmsheiðarvegur 151 - USK23100231**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarskemmu, klædda PIR samlokueiningum á lóð nr. 151 við Hólmsheiðarveg.

Stærð: 640 ferm., 3.955,2 rúmm.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. **Hólmsland - USK23100043**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054661 þannig að byggt er inntaksrými við inngang og útveggir framlengdir til vesturs undir þaki sumarhússins Dalbær sem er mhl. 19 í Hólmslandi.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

22. **Jöfursbás 9 - USK23080219**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061139 þannig að lagnastokkar eru uppfærðir í fjölbýlishúsi á lóð nr. 9a við Jöfurbás.

Stærð eftir breytingu: 1.985,1 ferm., 5.944,2 rúmm.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

23. **Klyfjasel 26 - USK23090227**

Lýsing:

Sótt er um byggingarheimild til að byggja viðbyggingu, gera nýjar svalir og verönd við hús á lóð nr. 26 við Klyfjasel.

Erindi fylgir samþykki eiganda Klyfjasels 28 og mæliblað.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

24. **Kringlan 4-6 - USK23080216**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061777 og BN060036 vegna lokaúttektar þannig að brunaskilum umhverfis starfsmannaðstöðu er breytt og brunaslanga á bíógangi færð til í kvikmyndahúsi í húsi á lóð nr. 4-6 við Kringluna.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

25. Laugavegur 29 - USK23090251

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta útliti húss á lóð nr. 29 við Laugaveg.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 5. september 2023.
Gjald kr. 14.500

Afgreiðsla:

Frestað.
Vísað til athugasemda.

26. Laugavegur 35 - USK23100214

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta fjölbýlishúsi í hótél, og opna á milli efri hæða Laugavegar 33 og Laugavegar 35 og einnig vera með gististarfsemi á efri hæðum Laugavegar 33. Þá er einnig sótt um að vera gististarfsemi í Laugavegi 35A.

Afgreiðsla:

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

27. Laugavegur 76 - USK23100023

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta snyrtistofu í rými 0101 á 1. hæð húss á lóð nr. 76 við Laugaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

28. Marargata 2 - USK23090290

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að setja glugga á jarðhæð norðan megin við hús nr. 2 við Marargötu. Erindinu fylgir samþykki meðeiganda dags. 19.okt.2023.
Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

29. Rafstöðvarvegur 14 - USK23090126

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útlit húss á lóð nr. 14 við Rafstöðvarveg.
Gjald kr. 14.000

Afgreiðsla:

Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

30. **Rauðarárst 31-Þverh18 - BN059059**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að innrétta 33 nýjar íbúðir með aðkomu frá Þverholti, með geymslum og 6 vinnustofum á jarðhæð skrifstofu-og atvinnuhúsnæðis (mhl.06) við Þverholt 18 á lóðinni Rauðarárstígur 31- Þverholt 18.

Stærð mannvirkis: 2.873 ferm., 10.037.8 rúmm.

Stærð hjólaskýlis: 11.1 ferm., 28.9 rúmm.

Erindi fylgir lóðauppráttur 1.244.0 dags. 16. ágúst 2016, hæðablað teiknað í apríl 1968 og mæliblað 1.244.0 síðast breytt 23. janúar 1992.

Gjald kr. 12.100.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

31. **Ránargata 44 - USK23080094**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að gera kvist með opnanlegu gluggafagi fyrir baðherbergi undir norðurþekju risíbúðar 0301 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 44 við Ránargötu

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 14. september 2023, bréf frá hönnuði dags. 14. ágúst 2023, samþykki meðeigenda í húsi dags. 27. febrúar 2023 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar stimpluðum 11. maí 1979.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar og/eða til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

32. **Seiðakvísl 39 - USK23030199**

Lýsing:

Sótt er um leyfi fyrir stækkun, þ.e. byggja glerskála með léttu þaki við hús og viðbyggingu áfasta bílgeymslu húss á lóð nr. 39 við Seiðakvísl. Stækkun: 46,7 ferm., 181,3 rúmm. Erindi fylgir mæliblað, hæðarblað, greinagerð brunahönnuðar og umsögn skipulagsfulltrúa dag. 03.ágúst 2023.

Gjald kr.14.000.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

33. **Skipholt 21 - USK23090211**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að innrétta snyrtistofu og verslun í rými 0102 og 0103 í húsi á lóð nr. 21 við Skipholt.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Sogavegur 3 - USK23030201

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu á einni hæð auk kjallara við vesturhlið verslunar- og vinnsluhúss á lóð nr. 3 við Sogaveg.

Stækkun: 183.9 ferm., 701.2 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaltekningum samþykktum 22. september 2015, mæliblað 1.810.1 dags. 12. janúar 2023, greinargerð verkfræðistofunnar Örugg um brunahönnun dags. 9. maí 2023 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2023.

Gjald kr.14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

35. Strandasel 7 - USK23060348

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að fjarlægja hverfiglugga og koma fyrir láréttum póstum með opnanlegum fögum í gluggum á norðurhlið húss á lóð nr. 5-7 við Strandasel.

Erindi fylgir bréf frá fundi húsfélagsins Strandaseli 5-7 dags. 26 apríl 2023 og samþykki eiganda.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

36. Stórhöfði 15 - USK23040005

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi á 4. hæð og tilheyrandi millilofti í áfangageimili fyrir alls 21 einstakling og koma fyrir hringstiga sem flóttaleið við vesturhlið skrifstofu- og verslunarhúss á lóð nr. 15 við Stórhöfða.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa fyrir notkunarbreytingum dags. 26. nóvember 2019 og yfirlit breytinga á afriti af eldri samþykktum aðaltekningum.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

37. Suðurgata 7 - USK23090095

Lýsing:

Sótt er um leyfi til þess að breyta rými 0102 í snyrtistofu með fjórum starfsmönnum og aðstöðu fyrir alls 6 viðskiptavini í íbúðar- og atvinnuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 7 við Suðurgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á ódagsettu fylgiskjali og afrit af aðaluppdrætti samþykktum 30. september 1993 yfirlit breytinga af.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

38. **Sævarland 14 - USK23100119**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að koma fyrir sorpgerði, skjólveggjum og gróðurbeðum framan við inngang raðhúss nr. 14 í raðhúsallengju nr. 10-14 við Sævarland.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

39. **Síðumúli 10 - USK23100121**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061873 þannig að stigahús á 3. hæð er lokað af og texti um brunavarnir og skráningartafla eru uppfærð í mhl. 01 og mhl. 02 á lóð nr. 10 við Síðumúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð hönnunarstjóra dags, 31. 10 2022.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.

40. **Sóleyjargata 25 - USK23050323**

Lýsing:

Sótt er um leyfi fyrir smávægilegum útlitsbreytingum og til þess að breyta innra skipulagi þannig að í stað fjögurra orlofsíbúða verður gerð ein íbúð, jafnframt er þess farið á leit að felld verði niður kvöð um að ekki megi hafa fasta búsetu í einbýlishúsi á lóð nr. 25 við Sóleyjargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 8. maí 2002.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að aflýsa þinglýstri kvöð, skjal nr 411-T-000492/2010, fyrir útgáfu byggingarleyfis

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

41. **Tjarnargata 12 - USK23090059**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að síkka glugga og gera hurð inn í rými sem verður innréttað sem búningaþstaða stafsfélks ráðhússins, í húsi á lóð nr. 12 við Tjarnargötu.

Samsvarandi erindi BN059591 samþykkt 13. júlí 2021 er fallið úr gildi.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 13. júlí 2021.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

42. **Tjarnargata 30 - USK23090337**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23030352 þannig að þakkantur er hækkaður um 5 cm. og byggingarlýsing lagfærð í húsi á lóð nr. 30 við Tjarnargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

43. **Tryggvagata 21 - USK23030082**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 07-0102, þannig að ásamt hárgreiðslustofu verði innréttað fyrir veitingastað í fl. II, teg. c. 10 gesti í Tryggvagötu 21, sem er mhl. 07 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

44. **Úlfarsbraut 124 - USK23090228**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi húss á lóð nr. 124 við Úlfarsbraut.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

45. **Vegbrekkur 9-15 - USK23050025**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að byggja hesthús á lóðarluta nr. 13 á lóð nr. 9-15 við Vegbrekku. Stærð: 495,2 ferm., 1,334.5 rúmm. Erindi fylgir hæðarblað dags. febrúar 2008 og mælibleið dags. 12. nóvember 2003.

Gjald kr. 14.000.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

46. **Þengilsbás 14 - USK23090341**

Lýsing:

Sótt er um leyfi til koma upp fjarskiptalofnet á húsi á lóð nr. 14 við Þengilbás.

Erindi fylgir lóðaruppdráttur dags. 10. maí 2021 og umboð eiganda dags. 26. september 2023.

Gjald kr. 14.500.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Ýmis mál.

47. Gnoðarvogur 60 - fsp. - USK23100020

Lýsing:

Spurt er hvort sýndar breytingar á útliti húss séu byggingarleyfisskyldar á fjölbýlishúsi á lóð nr. 60 við Gnoðarvog.

Afgreiðsla:

Afgreitt.

Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.

48. Háteigsvegur 40 – fsp - USK23100039

Lýsing:

Spurt er hvort leyft yrði að stækka gat í burðarvegg í fjölbýlishúsi á lóð nr. 40 við Háteigsveg. Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar og samþykki meðeigenda dags. 1. október 2023.

Afgreiðsla:

Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.

49. Skipasund 62 – fsp - USK23100021

Lýsing:

Spurt er hvort bílskúr sem skráður er sem einbýlishús í fasteignaskrá geti verið samþykktur sem einbýlishús á lóð nr. 62 við Skipasund.

Afgreiðsla:

Neikvætt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.

50. Vogasel 7 – fsp - USK23060249

Lýsing:

Spurt er hvort breytingar sem sýndar eru á meðfylgjandi skissum samræmist umsögn skipulagsfulltrúa um hús á lóð nr. 9 við Vogasel

Afgreiðsla:

Neikvætt.

Sbr. leiðbeiningar á athugasemdablaði

51. Keldur og Keldnaholt - Keldnavegur 1- 25 - 2.960.3 og 2.961.2. Árleynir 2, 2A, 6A, 8-8A og 22 - 2.920.2 - USK23040228

Lýsing:

Stofna þrjár nýjar lóðir úr lóðinni Árleyni 22.

Afgreiðsla:

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 12:10

Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Sigurður Stefán Karlsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir